

# Rodin





# Auguste Rodin

(Paris 1840 - Meudon 1917)

Jacques VILAIN, forstöðumaður Rodinsafnsins og þjóðminjavörður og  
Jeanine DURAND-REVILLON, aðstoðarmaður forstöðumanns Rodinsafnsins  
settu saman sýninguna

Artillerie Rodinsafnsins

Franski myndhöggvarinn Auguste Rodin er tvímælalaust í hópi fremstu myndlistamanna á síðari hluta 19. aldar og fram á 20. öldina. Hann hafði til að bera yfirburða sköpunargáfu sem hann kunni að nýta til fullnustu og var jafnframt brautryðjandi nýrra hugmynda á sviði höggmyndalistar um sína daga. Áhrifa af verkum hans gætir hvarvetna í hinum vestræna listheimi enn í dag. Það telst því meiri háttar listviðburður þegar efnt er til sýningar á verkum hans hér á okkar slóðum, þar sem gestum gefst kostur á að efna til náinna kynna við þennan jöfur á sviði myndlistar.

Það er vissulega fagnaðarefni í hvert sinn sem tekst að styrkja þau bönd sem tengja okkur því besta sem hinn fjölbreytti heimur lista og menningar hefur upp á að bjóða. Fjarlægðir verða afstætt hugtak og okkur gefst tækifæri til beinnar og virkrar aðildar á þeim vettvangi. Þessi sýning er spor í þá átt. Fyrir hönd menningamálanefndar Reykjavíkurborgar vil ég þakka öllum sem áttu hér hlut að máli.

*Hulda Valrýsdóttir, formaður menningamálanefndar*

Auguste Rodin (París 1840 - Meudon 1917). Rodin var sonur undirmanns hjá embætti sýslumanns. Hann sveigði út af hinni hefðbundnu menntabraut fjórtán ára gamall og fór að sækja tíma við Hinn keisaralega dráttlistar- og stærðfræðiskóla þar sem hann naut leiðsagnar Lecoq de Boisbaudran og Louis-Pierre-Gustave Fort, þar sem hann lærði að teikna eftir minni og móta af mikilli list. Hann fór að vinna við húsaskreytingar á vegum verktaka sem unnu við listskreytingar í París þegar Haussmann hafði yfirumsjón með gagngerum breytingu í borginni í valdatíð Napóleons III. Rodin gerði þrjár árangurslausar tilraunir til að komast í listaskólann í París. Lát systur hans árið 1862 fékk mjög á hann, svo mjög að hann hugðist ganga í munkareglu sem nefndist Feður hins mjög svo heilaga sakramentis, reglu sem faðir Eymard hafði stofnað. Rodin gerði portrett af Eymard þessum sem ráðlagði honum að hætta við að gerast munkur. Hann fylgdi ráðum hans, tók að sækja tíma hjá Barye í Safninu og fór að vinna hjá Carrier-Belleuse. Hann fékk ekki að sýna verkið *Nefbrotna manninn* á hinni árlegu Salonsýningu árið 1864, en það var alvarlegt áfall fyrir hann því öðruvísi gátu listamenn hvorki náð til almennings né gert sér vonir um að fá pantanir um verk. Hann hitti Rose Beuret sem ól honum son og varð lífsförunautur hans til æviloka. Árið 1871 var honum vikið úr hernum vegna þess hversu nærsýnn hann var. Hann fór því með Carrier-Belleuse til Brussel og vann ásamt honum við að skreyta Kauphöllina. Því næst hóf hann samstarf við Joseph Van Rasbourg og saman unnu þeir ýmiss konar veggskreytingar á byggingar í heldri manna hverfum borgarinnar. Á Brussel-árunum hjó Rodin út fjölda brjóstmynda eftir sínu höfði eða goðsöguleg verk á borð við þá skreytilist sem mjög var tíðkuð á átjándu öldinni, fór í gönguferðir umhverfis borgina og málaði.

Árið 1875 lagði hann af stað fótgangandi suður til Ítalíu og hafði viðkomu í Tórínó, Genóva, Písa, Róm, en einkum þó í Flórens. Eftir þessa miklu pílgrímsferð á vit fornaldar, einkum þó á vit Mikelangélós, fylltist hann mikilli vinnugleði og skapaði ákaflega persónuleg verk úr sígildum efniviði: *Ógnaröldina*, *Mann á gangi* og *Jóhannes skírara*. Árið 1877 var hann sakaður um myndstuld varðandi *Ógnaröldina*; ásökun þessi olli miklu fjaðrafoki og varð til þess að nafn hans komst á allra varir. Hann hélt aftur heim til Frakklands og fór að vinna við að undirbúa

heimssýninguna 1878. Hann mótaði furðuskepnurnar við Trocadéróhöllina, skreytti vasa fyrir postulínsverkstæðin í Sèvres og reyndi eftir megni að fá verkefni á vegum hins opinbera. Hann kynnti tillögu að minnismerki um þá sem féllu í umsátrinu um París árið 1870, en verk hans, *Herkvaðning*, vakti nánast enga athygli. Orðstír hans fór þó vaxandi og ríkið keypti af honum *Ógnaröldina* árið 1880. Hann kynntist frammámönnum í bókmenntalífinu á bókmenntakvöldi hjá frú Adam og þeir sáu til þess að hann fengi pöntun um að vinna gríðarmikla brónshurð í Skreytilistasafnið sem þá var í byggingu. Efniviðinn átti hann að sækja í Hinn guðdómlega gleðileik eftir Dante. Hann fékk vinnuaðstöðu í marmaraskemmu ríkisins og greitt að hluta til fyrir fram fyrir verkið. Svo virðist sem Rodin hafi sjálfur valið kaflann úr ljóði Dantes, lýsingar á Víti, en hann var álíka svartsýnn í hugsun og skáldið mikla frá Flórens. Verkið verður að *Hliðinu að Viti*, enda þótt hann hafi aldrei lokið við það. Í *Hliðinu* kemur hinn gífurlegi sköpunarkraftur listamannsins berlega í ljós. Það verður honum óþrjótandi uppspretta forma allt til hinsta dags. Í því gafst Rodin færi á að myndskreyta alþekktar frásagnir á borð við dauðastríð Úgólíns, ástarsambandið sem aldrei gat neitt orðið úr milli Paolos og Francescu, en einkum þó ástríður mannsins og þjáningar. Fjöldi mynda, þar sem mannlíkaminn er togaður og teygður eins og um fimleikaæfingar væri að ræða, settur í yfirgengilegar, allt að því óhugsandi stellingar, sýna þær vítiskvalir sem hinir dæmdu verða að líða, og ef betur er að gáð tjá þær tilfinningar mannkynsins og þjáningar. Árið 1884 var hann kominn vel á veg með Hliðið, en það var svo dýrt að steypa það í brons að því var slegið á frest og því fór Rodin að sinna öðrum pöntunum sem lágu fyrir: Dewavrin borgarstjóri í Calais lagði inn pöntun 1884 um *Minnismerki um borgara í Calais*. Rodin sýndi það verk í heild sinni á samsýningu þeirra Monets árið 1889. Í þessu minnismerki dró Rodin upp einfaldar myndir og vann þannig í anda miðaldahefðarinnar. Íhaldssamara var *Minnismerki um Claude Lorrain* sem Nancyborg pantaði árið 1886. Það verk var afhjúpað árið 1889. Pöntun barst frá hinu opinbera um *Minnismerki um Victor Hugo*, því var ætlaður staður í Panthéon. Félag áhugamanna um bókmenntir pantaði *Minnismerkið um Balzac*.

Rodin nálgast verkefnin ævinlega með opnum huga, hann



reynir að ná fullkomnun og kærir sig kollóttan um það hvort smáatriðin séu nákvæmlega rétt eða hvort verkin kunni að hneyksla. Hann hikor ekki við að tjá sinn eigin sannleika enda þótt það kunni að setja blett á orðstír hans. Hann vinnur sleitulaust í þessum anda á árunum 1880 til 1898 en það ár sýnir hann *Kossinn* og *Balzac* á sýningunni á Champs de Mars. Félag áhugamanna um bókmenntir vill ekki sjá styttuna af Balzac þegar til kemur. Rodin tekur styttuna af sýningunni og hún er ekki steipt í brons fyrr en árið 1936. Þetta sama ár slítur listamaðurinn líka endanlega sambandinu við Camille Claudel. Þetta ástríðufulla, krefjandi og átakamikla ástarsamband verður ódauðlegt í verkum listamannanna tveggja: myndir af parinu, en líka af blíðu og fyrirgefningu.

Árið 1890 stofnar Rodin Hið þjóðlega listafélag ásamt þeim Carrière, Puvis de Chavannes og Dalou sem er kosinn formaður félagsins. Árið 1893 tekur Rodin við stjórn höggmynda-deildarinnar af Dalou. Á heimssýningunni í París aldamótaárið 1900 opnar hann sýningu á hundrað og fimmtíu verkum í Pavillon de l'Alma og öðlast við það heimsfrægð, á sama tíma er í Buenos Aires afhjúpað verkið *Minnismerki í Sarmiento*. Hver sýningin tekur við af annarri: 1901 í Feneyjum og í Berlín; 1902 í Prag; 1904 í Lundúnum, þar sem hann tekur sæti Whistlers, sem var þá nýlátinn, í *Hinu alþjóðlega félagi listmálara, myndhöggvara og leturgrafara*. Hann hittir hertogaynjuna af Choiseul og er í tygjum við hana allt fram til ársins 1912. Rodin gegnir æ mikilvægara hlutverki í listaheimi þessa tíma, orðstír hans fer vaxandi. Hann gerir fjöldann allan af mannamyndum, jafnt af vinum sínum sem þekktu fólki úr heimi bókmennta og lista, stjórnmalunum og utanríkisþjónustunni. Það er sama hver á í hlut, alltaf skal hann ljá verkum sínum persónulegt og mannlegt yfirbragð, honum tekst ætíð að sundurgreina á hárfínan hátt líf þess sem hann er að fást við; *fallegar brjóstmyndir leggja sögunni lið*, sagði Dujardin-Beaumetz eitt sinn við hann. Eftir 1908 er hann hugfanginn af nýju viðfangsefni: dansinn við líkama sem hreyfast, sem frjálslegastar hreyfingar og stellingar. Hann fer að ráðum Rainer Maria Rilke og kemur sér fyrir í Hôtel Biron, enda þótt hann búi áfram í Meudon. Árið 1916 lætur hann öll verk sín og höfundarrétt af hendi rakna í þrennu lagi til franska ríkisins gegn því skilyrði að komið verði á fót Rodinsafni

í Hôtél Biron og garðinum umhverfis það. Í janúarmánuði 1917 gengur hann að eiga Rose Beuret. Hálfum mánuði síðar deyr hún og Rodin í nóvembermánuði sama ár. Þau eru jarðsett í garðinum við Villa des Brillants í Meudon þar sem hann var með vinnustofu. Yfir þeim vakir *Hugsuður*.

Í upphafi tuttugustu aldarinnar vann Rodin með fjölda stíltegunda, viðfangsefna og hráefna. Hann gekk með svo opnum huga til verks, hann var svo skarpur og úrræðagóður og hugmyndirnar sem hann vann með í verkum sínum bera vott um slíkan sköpunarmátt og frjósemi að hann er sá listamaður sem aðrir listamenn bera sig saman við enn þann dag í dag.

## Verk frá yngri árum

Áð loknu barnaskólanámi, þar sem Rodin lærir að teikna, fer hann í læri hjá dýramyndhöggvaranum Antoine Bayre. Síðan lærir hann meðferð efna og drekkur í sig verkin á Louvresafninu en fær að því búnu, árið 1864, inngöngu í vinnustofu myndhöggvarans Alberts Carrier-Belleuse og er þar við nám fram til ársins 1870. Eftir nokkra þreifingar gerir hann tilraun til að fá að sýna *Nefbrotna manninn* á sýningunni 1864 en honum er hafnað. Það má telja víst að þetta afmyndaða nef, sem var útfært af ýrtrustu nákvæmni, hafi hneykslað dómnefndina sem var öllu vanari hinni viðteknu, akademísku hugmynd um það hvað væri fallett og hvað ekki. Þar við bætist að þegar Rodin var búinn að móta verkið í leir brotnaði aftan af því vegna þess hve kalt var í vinnustofu myndhöggvarans, en hann ákvað engu að síður að sýna það eins og það var, eins og grímu, en ekki eins og ávala og lokaða eins og til hafði staðið. Þannig birtist fagurfræði brotsins strax í upphafi ferils Rodins, en hún átti eftir að liggja eins og rauður þráður í gegnum hann alla tíð.

Rodin leggur á þessum tíma einkum stund á slétt og felld verk í anda átjándu aldarinnar. Ástæðurnar fyrir því voru í senn áhrif meistara hans, Carrier-Belleuse, og smekkur borgaranna á þessum tíma: *Ung stúlka með blómahatt*, 1865; *Mignon*, 1869; *Kona með barn*, 1869.

Eftir stríðið milli Frakka og Þjóðverja árið 1870 flúði Rodin til Brussel og dvaldist þar allt til ársins 1877. Þar hitti hann aftur Carrier-Belleuse og vann með honum að því að skreyta þekktar byggingar, þar á meðal Kauphöllina í höfuðborg Belga. Meðfram þeirri vinnu hélt hann áfram að þróa notalegan og átakalítinn stíl sem féll vel að smekk almennings: *Suson*, 1872; *Sælureiturinn í Xelles*, 1874 (eitt af úthverfum Brussel); *Bakkynjan*, 1875 ...

Árið 1875 heldur Rodin suður til Ítalíu, skoðar allar helstu borgirnar: Flórens, Róm, Napólí ... Þar skoðar hann fornar styttur en mestu skiptir að hann hrifst mjög af höggmyndum Mikangelós og verður fyrir slíkum áhrifum af honum að þeirra gætir alla tíð í verkum hans. Þegar hann kemur til baka fer hann að vinna við *Hinn sigraða*, verk, sem fyrst var sýnt í Brussel, og síðan í París árið 1877 verk sem hann nefnir *Ógnaröldina*.


Sama ár sneri Rodin aftur til Parísar og hélt áfram að vinna að sögulegum verkum á svipaðan hátt og hann hafði gert í *Ógnaröldinni*. Árið 1877 lauk hann við *Mann á göngu*, sem honum finnst vera fullklárað verk sem tjáir

hreyfingu, enda þótt handleggi og höfuð vanti, en honum fannst það óþarft. Þetta verk, sem hann lauk ekki við og lét ekki stækka upp fyrr en árið 1907, er í rauninni fyrsta skissan að *Jóhannesi skírara* frá árinu 1878, sem vissulega er mun hefðbundnari stytta, en andlitið er svo uppnumið að það fellur prýðilega að þeim hugmyndum sem menn gera sér um forvera guðs kápólikka. Árið 1879 fer hann að vinna í postulínsverkstæðunum í Sèvres, sem Carrier-Belleuse stýrði. Þar starfaði hann til ársins 1882 og spreytti sig við postulínsskreytingar sem ættadar voru frá austurlöndum fjær. Árið 1879 tók hann þátt í samkeppni sem efnt var til í því skyni að heiðra minningu þeirra sem féllu í umsátrinu um París árið 1870. Verk hans, sem hann kallaði *Herkvaðningu*, vakti sáralitla hrifningu. Til allrar hamingju fékk hann það bætt upp árið eftir þegar hann fékk opinbera beiðni um að gera *Hliðið að Viti*.



2. *Salureiturinn í Xelles*, 1874.

Brons. H. 0,52 ; B. 0,41 ; D. 0,41. Merkt: Rodin 1885 neðanvert að aftan. Saga: Bættist í safnið árið 1956 (inv. S. 978).



1 *Nefbrotni maðurinn*, 1864.  
Brons. H. 0,26 ; B. 0,18 ; D. 0,23. Merkt: A. Rodin, hægra megin á  
hálsinn. Alexis Fondeur Paris þrykkt í að innanverðu. Málms-teypa Alexis  
Rudiers. Merki málms-teypunnar. Saga: Gjóf Rodins, 1916. (inv.S.496).

\* *Maður á göngu*, 1903-1904.  
Ljósmynd: STEPHEN HAWELS (1878-1969) og HENRY COLES (?-?)  
H. 0,22 ; B. 0,17. Saga: Gjöf frá Rodin, 1916 (lav. Pl. 455).





3 *Maður á göngu*, 1877.  
Bronz. H. 0,85 ; B. 0,28 ; D. 0,58. Merkt: A. Rodin á sökkulinn milli  
fótanna. Georges Rudier fondeur Paris aftanvert á sökkli. Málms-teypa  
Georges Rudiers. Merki málms-teypunnar. Saga: Steypt sérstaklega fyrir  
safnið árið 1964 (n. s. 495).

## Ógnaröldin

Það var árið 1877 sem Rodin sýndi *Ógnaröldina* eða *Særða hermanninn* í Listahringnum í Brussel, en það var útfærsla hans á ósigri Frakka í stríðinu gegn Prússum árið 1870. Þetta verk efni kostaði hann um það bil átján mánaða undirbúningsvinnu og hann notaði ekki atvinnufyrirsætu að þessu sinni, heldur ungan hermann, Auguste Neyt að nafni.

Listamaðurinn sveigir þarna af þeirri nota-  
legu slóð sem hann hafði fetað meðan hann var í Belgíu, hann langar að skapa sér nafn sem höggmyndasmíður og vill hafa myndir sínar í eðlilegri stærð. Rodin hafði í fyrstu hugsað sér að *Hinn sigraði* myndi halda á lensu í vinstri hendi. Raunin varð sú að hann lagði drög að því sem síðar átti eftir að halda nafni hans á lofti. Hann hætti við þetta atriði, sem honum fannst of merkingarvísandi, og einbeitti sér að því að gæða styttuna innra lífi til að ljá henni víðari skírskotun.

Þegar *Ógnaröldin* var sýnd í Brussel var verkinu úthúðað í blöðunum og Rodin sakaður um að nota afsteypuáðferð. Hún felst í því að taka nákvæmt mót af lifandi fyrirmynd og nota það beint í styttnu. Ásökun þessi var vitaskuld hrein svívirðing og Rodin tók hana nærri sér.

Styttan var sýnd í París þá um vorið og þá undir því nafni sem hún hefur borið síðan. Hún er tákmynd fyrir frummanninn sem er að vakna til vitundar um sjálfan sig.

Í París hélt áfram deilan um það hvort hann hefði notað afsteypuáðferð eða ekki. Styttan bjó yfir slíkum krafti, sveigjanleika og innri tilfinningu að hún kom óþægilega við áhorfendur sem vanari voru akademískum kulda.


Rodin reyndi að bera hönd fyrir höfuð sér, og kallaði manninn sem hafði setið fyrir hjá honum, Auguste Neyt, til vitnis máli sínu til stuðnings. Myndhöggvarar á borð Chapu, Boucher, Carrier-Belleuse, Falguière og Dubois lýstu yfir stuðningi sínum við hann og svo fóru að lokum að hann var hreinsaður af öllum ásökunum.

Hvað sem því leið var Rodin þarna búinn skapa sitt fyrsta meistaraverk og hann var nú orðinn frægur myndhöggvari, meðal annars vegna deilunnar um *Ógnaröldina*. Þremur árum síðar pantaði ríkið *Hliðið að Viti* og sama ár, árið 1880, keypti ríkið af honum fyrstu afsteypuna af *Ógnaröldinni*, þá sömu og nú stendur í Orsaysafninu í París.



5 *Ógnaröldin*, 1875-1876.

Brons. H. 1,80 ; B. 0,80 ; D. 0,60. Merkt: Rodin vinstra megin á stallinum, við vinstri fót. Málmssteypa Alexis Rudiers. Merki málmssteypunnar. Saga: Skrifstofa einkaframlaga gaf söfnum þjóðarinnar komið fyrir á Rodinsafninu árið 1952 (flv. S. 468).



6 Ógnaröldin, án ártals.

Ljósmynd: EUGÈNE DRUET (1868-1916). H. 0,37 ; B. 0,19.

Merkt: Aug. Rodin neðst í vinstra horni. Saga: Gjöf Rodins, 1916 (lav. Ph. 2994).



## Hliðið að víti

Rodin var öruggari með sig eftir að mannorð hans hafði verið hreinsað og franska ríkið hafði keypt af honum *Ógnaröldina*. Skömmu síðar fór nafn hans að komast á allra varir í bókmenntaheimi Parísarborgar. Í boði hjá frú Edmond Adam hitti hann ráðherra listamála, Edmond Turquet, sem hafði tröllatru á hæfileikum Rodins og fól honum að vinna afar mikilvægt verk, nefnilega að höggva út myndir á sex metra háa hurð sem átti að setja í hið tilvondandi Skreytilistasafn. Árið 1880 stendur Rodin á fertugu, hann hefur öðlast ótrúlega tækni og reynslu í arkitektúr og skreytilist, meðal annars í Belgíu. Árið 1876 hafði hann farið í Ítalíureisuna sem hann hafði alltaf dreymt um. Í þeirri ferð varð hann fyrir djúpum og miklum áhrifum af ítölsku endurreisninni og hinn skapandi hugur hans sprakk skyndilega út í heilmikilli röð verka sem hann lauk ekki við mörg hver fyrr en löngu síðar. Ríkið leggur honum til tvær nokkuð rúmgóðar vinnustofur í marmarskemmmum sínum, enda veitti ekki af undir verk af þessari stærðargráðu.

Þegar Rodin var að undirbúa verkið, ýmist með stytum eða teikningum, sótti hann innblástur í þá hefð sem Ghiberti hafði skapað og í hurðina á skírmarkapellunni í Flórens. Svo virðist sem hann hafi sjálfur valið sér viðfangsefnið í hurðina: *Hinn guðdómlega gleðileik* eftir Dante. Það var í sjálfu sér ekkert óvenjulegt að menn sæktu sér efnivið í þetta efni á þessum tíma, því Delacroix málaði Dante og Virgil í Víti og Carpeaux gerði stytta af Úgólín sem Rodin kannaðist vel við. Rodin tekur þó á allt annan hátt á verkinu en þeir. Hann hverfur mjög fljótt frá þeirri aðferð, sem notuð er í skírmarkapellunni í Flórens, að skrifa tilvitnanir í textann á hlerana á hurðinni. Hann sökkvir sér á bólakaf í heim Dantes og reynir að setja sig sem best inn í þá atburði sem frá er greint og teiknar heil ósköp, um það bil hundrað túss-teikningar sem hann vinnur áfram í gvas. Einnig mótar hann fjöldann allan af agnar-smáum stytum, hinar og þessar persónur og líkamshluta sem hann raðar saman á ýmsa vegu í tilraunaskyni. Þegar árið 1882 er innviðum að hurðinni í fullri stærð (6,10 m á hæð; 4 m á breidd) komið fyrir í vinnustofu Rodins. Hann smíðar um þessa innviði heilmikla trégrind sem síðan er aftur klædd viði, leir og gipsi. Síðan festir hann lágmyndir, hópa fólks og vera hvers konar á þetta. Verkið fjarlægist sífellt upphafspunkturinn, verk Dantes. Þess í stað eykur Rodin sífellt við það dráttum úr eigin reynslu, úr því sem hann hefur lesið. Einkum vinnur hann úr þeim áhrifum sem ljóð Baudelaire hafa haft á hann (árið 1889 myndskreytti hann ljóðabókina

Illskublóm eftir Baudelaire) og ósjálfrátt verður þessi hurð, sem hann er ekki búinn að ljúka við tuttugu árum síðar, endalaus uppspretta spuna og tilrauna og gríðarlegur fjöldi viðfangsefna á rætur að rekja til þessarar vinnu. Sum þessara um það bil tvö hundruð verka urðu þekkt utan hins upprunalega samhengis og sköpuðu þannig ein og sér sinn eigin heim.

Vitað er að *Þriðja Itkanið að Hliðinu* var tilbúið þegar árið 1880 því rithöfundurinn Octave Mirabeau sá það í vinnustofu Rodins. Það sýnir og sannar hversu fljótur Rodin hefur verið að úthugsa form og innihald verksins. Þar koma lárétta lágmyndirnar greinilega í ljós, gaflflöturinn er ríkulega skreyttur og yfir krossmarki á miðri hurðinni trónir þegar *Hugsuðurinn*. Á þessum tíma eru margir mjög efins um að þessari hugmynd verði nokkurn tíma hrundið í framkvæmd. Lágmyndirnar eru of flóknar, myndirnar á hurðinni of margar og snúnar og leikni listamannsins og hugmynda-  
audgi slík að stappar nærri vitfirringu.

Meðal verka, sem þekkt hafa orðið utan Hurðarinnar, er til dæmis *Steinstytta undir þakskeggi*, sem stendur við efri enda súlunnar vinstra megin, hverfur nánast inn í bygginguna, og virðist bera allar þjáningar og byrðar heimsins á herðum sér, *Úgólín og börnin*, sem er sett á áberandi stað á vinstra hurðarvængnum, þar sem er endursögð hin hryllilega saga úr Vitisljóðum Dantes af refsingu sem lögð er á Úgólín, *Maður að falla*, sem hangir efst í vinstra vængnum, vöðvamikill og steltur og minnir á Mikangeló. Hann tengist aftur *Krjúpandi konu* efst á súlunni á hægri helmingi hurðarinnar, þeim hluta hennar sem ber yfirskriftina *Ég er falleg*. Þetta er dæmi um þá aðferð Rodins að búa til hópa úr sjálfstæðum einingum og ljá þeim þannig táknaða merkingu. Þessi stytta er til dæmis sprottin af ljóði eftir Baudelaire, ljóðinu *Eilíft vor*, sem Rodin hafði mikla mætur á. Í það verk, sem varð verulega vinsælt, notaði Rodin aftur munúðarfullt módelið sem hann hafði notað í *Brjóstmynd af Adèle*, sem sjá má vinstra megin í gaflmyndinni, og skeytti því við mun unglegra módel og ljær myndinni þannig mun loftkenndara og léttara inntak. Sú mynd er ásamt *Paolo og Francescu*, sem sjá má í miðju vinstra hurðarvængsins, hluti myndaraðar sem fjallar um forboðnar ástir og elskendur sem eru dæmdir til eilífðarnóns. Í þessari sömu röð má einnig sjá *Glatada soninn* í miðju hægri hurðarvængs, ákaflega hugljúfa mynd sem Rodin vann með aftur og aftur eins og í verkinu *Fugit Amor*. Andlit Glatada sonarins vann hann í sérstaka stytta og kallaði *Sársaukann*.



7 *Hliðir að Viti: þriðja líkan, 1880.*  
Brons. H. 1,10 ; B. 0,74 ; D. 0,28. Ómerkt. E. Godard Fondr neðst vinstra megin, C. by Musée Rodin 1991, N° I/IV neðst hægra megin. Málmsveppa Godards. Merki málmsteypunnar. Saga: Steypt fyrir safnið árið 1991 (lsv. s. 6501).



12 *Ég er falleg*, 1882.  
 Brons. H. 0,69 ; B. 0,31 ; D. 0,32. Merkt: A. Rodin að framan,  
 Georges Rudier, Fondeur Paris. C. by Musée Rodin 1969 að aftanverðu.  
 Málmsteypa Georges Rudiers. Merki málmsteypunnar. Saga: Steypt  
 fyrir safnið árið 1969 (Inn. S. 1151).



24 *Höfuð Jóhannesar skirara á bakka*  
 Brons. H. 0,21 ; B. 0,41 ; D. 0,27. Merkt: A. Rodin neðst að aftan, í hárið.  
 Ekkert merki málmsteypunnar. Saga: Franska ríkið keypti styttuna árið 1906.  
 Komið fyrir í Lúxemborgarsafninu árið 1908. Louvresafnið færði  
 Rodinsafninu hana árið 1919 (Inn. 519).

11 *Maður að falla*, 1882.

Brons. H. 0,59 ; B. 0,37 ; D. 0,29. Merki: A. Rodin, N° 0 nedanvert vinstra megin á stallinn. Susse, Fondeur Paris, neðarlega að aftan. Málmsteypan Susse. Merki málmsteypannar. Saga: Steypt fyrir safnið árið 1972 (lm. S. 963).





8 *Steinstytta undir þakskeggi*, fyrir 1881.  
 Brons. H. 0,44 ; B. 0,32 ; D. 0,30. Merkt: A. Rodin að afanverðu.  
 Georges Rudier, Fondeur Paris. Málmsteypa Georges Rudier. Merki  
 málmsteypunnar. Saga: Steytt fyrir safnið árið 1956 (Inn. S. 477).



9 *Steinstytta undir þakskeggi*, án ártals.  
 Ljósmynd: JACQUES-ERNEST BULLOZ (1858-1942).  
 H. 0,37 ; B. 0,28. Saga: Gjöf frá Rodin, 1916 (Inn. S. 1146).



16 *Fugti Amor*, um 1884.  
Brona. H. 0,38 ; B.0,48 ; D. 0,20. Merkt: Rodin á sökkuhlinn.  
Ekken merki málmsteypu. Saga: Gjóf frá Rodin, 1916 (Inv. S. 590).



22 *Kentáhrýssan*, um 1887.

Brons. H. 0,40 ; B. 0,45 ; D. 0,18. Merki: A. Rodin, N° 0 hægra megin á stallinum. E. Godard Fondr., Paris, C. by Musée Rodin. að aftanverðu. Málmsteypa Godards. Merki málmsteypunnar. Saga: Steypt fyrir safnið árið 1969 (Inn. 5.479).



23 *Kentiárbrystan, án ártals.*  
Ljósmynd: JACQUES-ERNEST BULLOZ (1858-1942).  
H. 0,37 ; B. 0,29. Saga: Gjöf Rodins, 1916 (lsv. Pl. 3684).



26 *Glatadi sonurinn*, 1903-1904.

Ljósmynd. STEPHEN HAWEIS (1878-1969) og HENRY COLES (?-?),  
H. 0,23 ; B. 0,13. Saga: Gjöf frá Rodin, 1916 (lov. Ph. 4030).



25 *Glatadi sonurinn*, um 1889.

Brons. H. 1,14 ; B. 0,95 ; D.0,65. Merkt: A. Rodin, neðst hægra megin á  
sökklinum. Georges Rudier, Fondeur Paris aftan á styttunni. Málmsteypa  
Georges Rudiers. Merki málmsteypunnar. Saga: Steypt eftir 1952 (lov. 5.599).





10 *Úgólin og börnin*, 1882.

Brons. H. 0,41 ; B. 0,42 ; D. 0,61. Merkt: Rodin aftan á sökkinum.

Ekkert merki málmsteypunnar. Saga: Gjöf frá Rodin, 1916 (lsv. S. 1146).



20 *Paolo og Francesca*, 1887.

Brons. H. 0,30 ; B. 0,60 ; D. 0,30. Merkt: A. Rodin neðst í miðjunni,  
N° I/IV vinstra megin. E. Godard Fondr., C. by Musée Rodin 1988 á annarri  
hliðinni. Málsmeypa Godards. Merki málsmeypunnar. Saga: Steypt fyrir safnið  
árið 1988 (lsv. s. 584f).





21 *Paolo og Francesca á skjjum*, án ártals.  
Ljósmynd: JACQUES-ERNEST BULLOZ (1858-1942).  
H. 0,37 ; B. 0,27. Saga: Gjöf frá Rodin, 1916 (fr. 1879).

17 *Danae*, 1885.

Brons. H. 0,21 ; B. 0,39 ; D. 0,25. Merkt: A. Rodin í miðjunni undir bakinu. Alexis Rudier, Fondeur Paris aftan á styttunni. Málmsteypa Rudiers. Merki málmsteypunnar. Saga: Úr dánarbúi Rudiers, 1957 (Inv. S. 606).





18 *Danae*, án áttals.  
Ljósmynd: JACQUES-ERNEST BULLOZ (1858-1942).  
H. 0,25 : B. 0,36. Saga: Gjöf frá Rodin, 1916 (Inv. Pl. 3743).





19 *Bolur karlmanni*, um 1885.

Brons. H. 0,36 ; B. 0,20 ; D. 0,18. Merkt: A. Rodin, N° I/IV hægra megin á mjöðmina. C. by Musée Rodin 1992. E. Godard Fondr. aftan á styttunni. Málmsteypa Godards. Merki málmsteypunnar. Saga: Steypt fyrir safnið árið 1992 (siv. S. 663A).



27 *Undirlagjan*, um 1889.

Brons. H. 0,23 ; B. 0,16 ; D. 0,13. Merkt: A. Rodin, á hægri hornið aftan á stallinum, Alexis Rudier, Fondeur Paris. Innan í styttnunni er ferhyrndur stimpill með feitu bleki: Douane (?) française LE CALVEZ n° 3588. Málmsveipa Alexis Rudiers. Merki málmsveipunnar. Saga: Gjöf frá Rodin, 1916 (lav. S. 657).



13 *Bolur Adèle*, 1882.

Brons. H. 0,17 ; B. 0,48 ; D. 0,20. Merkt: A. Rodin að innanverðu. Alexis Rudier, Fondeur Paris, í hægri hnésbótinni. Saga: Komst í eigu safnsins árið 1990 (lav. S. 6137).



15 *Eilíft vor, án ártals.*  
Ljósmynd: JACQUES-ERNEST BULLOZ (1858-1942).  
H. 0,35 ; B. 0,45. Saga: Gjöf frá Rodin árið 1916 (Inv. Ph. 975).



14 *Ellifé vor*, 1884.  
Brons. H. 0,40 ; B. 0,53 ; D. 0,30. Merkt: Rodin hágra megin.  
Barbadienne málmsteypan. Merki málmsteypunnar. Saga: Louvresafnið  
afhenti Rodinsafninu verkið (Ísv. RF/R 28 oða S. 583).



29 *Ben, án ártals.*

Ljósmynd: JACQUES-ERNEST BULLOZ (1858-1942).


H. 0,36 ; B. 0,26. Saga: Gjöf frá Rodin, 1916 (Inv. Pl. 4758).



18. *Venus snyrtir sig*, 1903-1904.  
Ljósmynd: STEPHEN HAWEIS (1878-1969) og  
HENRY COLES (?-?). H. 0,23 : B. 0,17. Saga  
Gjöf frá Rodin, 1916 (Inn. Pl. 4757).

50 *Hugsudurinn*, 1880.

Brons. H. 0,71 ; B. 0,40 ; D. 0,61. Merkt: A. Rodin hægra megin.  
Georges Rudier, Fondeur Paris. C. by Musée Rodin 1976 að aftanverðu.  
Málmsteypa Georges Rudiers. Merki málmsteyppunnar. Saga: Steypt fyrir  
Rodinsafnið árið 1976 (lav. S. 788).



## Hugsuðurinn

Þegar Rodin fékk pöntun um að gera *Hliðid að Viti* árið 1880 fékk hann strax þá hugmynd að læða mynd af Dante inn í heildarmynd minnismerkisins, láta hann tróna yfir verkinu og virða fyrir sér *Hinn guðdómlega gleðileik* ofan frá. Þessi mannsmynd, sem upphaflega var kölluð *Skáldid*, þróaðist, eins og oft hjá Rodin, í áttina að meiri einfaldleika og varð að *Hugsuðinum*. Árið 1904 sagði listamaðurinn frá því hvernig breytingin hefði komið til: *Það liggur saga að baki Hugsuðinum. Ég hafði lengi gengið með hugmyndina að Hliðinu að Viti í maganum. Ég sá Dante fyrir mér sitjandi á kletti fyrir framan hliðid, hann var í þungum þönkum yfir ljóðinu sem hann var að reyna að setja saman. Aftan við hann mátti sjá Úgólín, Francescu, Paolo, allar persónurnar í Hinum guðdómlega gleðileik.... Þessi áform mín komust aldrei í framkvæmd. Þessi útgáfa mín af Dante hefði aldrei getað staðið ein og sér, til þess var hann of holdskarpur og meinlætamannslegur í þessum skósiða kyrtli sínum. Ég hélt áfram að vinna út frá upphaflegu hugmyndinni og bjó til annars konar „Hugsuð“, nakinn mann með krepptar tær, sitjandi á kletti. Hann situr hugsuð með hönd undir kinn. Frjó hugsun fer hægt og rólega um heila hans. Þetta er ekki draumóramaður heldur hugsuður. Styttan mín var tilbúin.*

Í upprunalegu stærð sinni (0,71m) var *Hugsuðinum* sem sagt komið fyrir efst í *Hliðinu*, undir *Þremur skuggum*. Þessir miklu vöðvar, sem sóttir eru í Belvédèrebolinn, og hin mikla innri spennan, sem einkennir styttuna, vísa eins og oft áður beint í Mikelangeló. Seinna meir, þegar styttnan hafði náð vinsældum, voru teknar af henni fjölmargar afsteypur sem þó voru allar minni en upphaflega myndin (0,37m).

Þannig var það með þetta afburðaverk að margir hlutar þess, eins þessi stytta, var fyrst hluti af *Hliðinu að Viti* en varð síðan að sjálfstæðu verki. Það var á árunum 1902-1904 sem Rodin lét gera stækkaða útgáfu af *Hugsuðinum* (1,82m). Gífsafsteypa af styttunni var fyrst sýnd í London árið 1904, og bronsafsteypan í París það sama ár.

Þegar í upphafi aldarinnar olli verkið umtalsverðu fjáðrafoki meðal sýningargesta í París og í fjölmiðlum. Nokkrir vinir Rodins stungu upp á því, meira í gamni en alvöru, að efna til allsherjarsöfnunar til að kaupa stærstu útgáfuna af *Hugsuðinum* og gefa Parísarborg hana. Rodin kaus að sýna styttuna í Panthéon og hún var formlega afhjúpuð þann 21. apríl 1906.



31 *Hugsuðurinn*, 1903-1904.

Ljósmynd: STEPHEN HAWEIS (1878-1969) og HENRY COLES (?-?). H. 0,23 ; B. 0,17. Saga: Gjölf frá Rodin, 1916 (Inv. Ph. 1419).



## Skugginn

Skuggann gerði Rodin í þremur útgáfum árin 1880-1881 í þeirri stærð sem hann er í efst í *Hliðinu að Víti* (H. 0,96 ; B. 0,92 ; D. 0,54).

Maður að nafni Henri Lebossé lét stækka styttuna upp árið 1901 í því skyni að sýna hana á árssýningunni í París árið 1902. *Skugginn* er undir ærið miklum áhrifum frá *Adam* sem er frá árinu 1880 en *Adam* og *Eva* var ætlað að standa hvorum megin *Hliðsins að Víti*. Fyrirmyndin að *Skugganum* var feiknasterkur sirkusrísi sem gat jafnframt slakað svo á að allir vöðvar sáust berlega. Enda þótt líkamsstilling *Skuggans* sé nánast sú sama og hjá *Adam* er styttna ólík að

því leyti að svipurinn er allt annar og vöðvarnir eru í algerri slökun. Auk þess ber *Skugginn* vott um það hversu Rodin var laginn við að móta útlími, einkum handleggi í þessu tilfalli. Ljósmyndir frá þessum tíma gera okkur kleift að fylgjast með þróuninni: tekið framan frá (vantar framan á hægri handlegginn, vinstri handleggurinn stúfur einn), síðan aftan frá (hægri hönd vantar, vinstri handlegg vantar). Á annarri ljósmynd sést framan á styttuna og þar sést að hendur eru komnar framan á handleggina. Loks sést á enn einni myndinni að allt er komið á sinn stað, líklegast um 1905.



32 *Skugginn mikli*, 1902-1903.

Brons. H. 1,95 ; B. 0,90 ; D. 0,60. Merkt: A. Rodin vinstra megin á vinstra fæti, Alexis Rudier, Fondateur Paris, neðst að aftanverðu. Málmsteypa Alexis Rudiers. Merki málmsteypunnar. Saga: Þjónusta á vegum bandamanna í síðari heimsstyrjöldinni, sem hafði björgun menningarverðmæta með höndum, skilaði styttunni aftur að styrjöldinni lokinni, síðan var henni komið fyrir á Rodinsafninu árið 1952 (litv. S.513).



35 *Skugginn miklí í vinnustofunni í Meudon*, 1903-1904.  
Ljósmynd: JACQUES-ERNES BULLOZ (1858-1942).  
H. 0,35 ; B. 0,26. Saga: Gjöf frá Rodin, 1916 (Inv. Ph. 1291).

36. *Eva í rínnurofanni* (Mendon, á Íslandi).  
Ljósmyndari: A. HARTLINGUE 1913.  
H.: 0,12 ; B.: 0,17. Sagði Guð frá Rodin.  
1916 (sú. 19. 1991).





Enda þótt Rodin hafi árið 1880 fengið hina gríðarmiklu pöntun um að vinna *Hliðið að Viti* hélt hann áfram að vinna að öðrum stórum verkefnum. Hann lauk við *Evu* árið 1881 en árið 1913 sagði myndhöggvarinn frá þeim óvenjulegu kringumstæðum sem hann bjó við þegar hann var að vinna verkið. Hann hafði valið sér ítalska fyrirsætu, *lágvaxna og spengi-lega manneskju* sem hann kallaði *pardus-ynjuna* en þegar hann fór að vinna við verkið tók hann eftir því að *einhverra hluta vegna var fyrirsætan sífellt að breytast*. Hann lét hana snúa sér á ýmsa vegu og reyndi að ná útlínum hennar sem sífellt urðu ávalari. *Dag nokkurn frétti ég að hún væri þunguð og áttaði mig þá á því hvernig í öllu lá*. Hann missir fyrirsætuna og hættir við styttuna sem var nánast fullbúin. Þungunin gerði það að verkum að mittið var nánast horfið, hún hélt höndum í blygðun fyrir neðri hluta andlitsins og var þannig í fullu samræmi við hina kristnu hefð sem kveður á um að Eva eigi að vera full blygðunar og eftirsjár, enda hafi hún drýgt erfðasýndina og þannig kallað yfir mannkynið allar þær þjáningar sem hrjá það. Enn víkur Rodin frá hinni akademísku hefð. Hann sker burt allar óþarfa vísanir og trúarlega höggmyndin öðlast þannig mun víðari skírskotun. Hún er ákaflega falleg og þarna eru áhrifin frá Mikelangelo augljós. Þó eru þau ekki eins sláandi og í myndinni af Adam sem Rodin vildi láta koma fyrir andspænis *Evu* á *Hliðinu að Viti*, enda þótt sú hugmynd hafi ekki hlotið hljómgrunn þegar hið opinbera pantaði verkið upphaflega. Rodin safnið eitt virðir þessa uppstillingu sem Rodin hafði farið fram á en sá aldrei.



35 *Eva*, án ártals.  
Ljósmyndari: JACQUES-ERNEST BULLOZ (1858-1942).  
H. 0,36 ; B. 0,26. Saga: Gjóf frá Rodin, 1916 (Inv. Ph. 3929).



34 *Eva*, 1881.

Brons. H. 1,95 ; B. 0,90 ; D. 0,60. Merkt: A. Rodin á fótstallinn vinstra megin við vinstri fót. Alexis Rudier, Fondateur Paris aftan á fótstallinn. Málmsteypa Alexis Rudiers. Merki málmsteypunnar. Saga: Gjöf frá Rodin, 1916 (lit. S. 404).



37 *Kossinn*, 1886.  
Bronz. H. 0,87 ; B. 0,51 ; D. 0,55. Merkt: A.Rodin hægra megin. Georges Rudier,  
Fondeur Paris C. by Musée Rodin 1972 að aftanverðu. Málmsreyppa Georges Rudiers.  
Merki málmsreyppunnar. Saga: Steypt fyrir safnið árið 1972 (lav. S. 472).

## Kossinn

Að *Hugsuðinum* frátöldum er *Kossinn* það verka Rodins sem þekktast hefur orðið um heim allan. Það var árið 1887 sem Rodin sýndi í fyrsta sinn þessa myndaröð, þennan óð til ástarsinnar, undir titlinum *Paolo og Francesca*. Þessari útgáfu hans á hinu sorglega ástarsambandi þeirra Paolos Malatesta og Francescu da Rimini, tveggja persóna úr Vítisljóðum Dantes, sem hlutu dóm fyrir forboðna ást sína, var upphaflega ætlaður staður í *Hliðinu að Viti*. Verkið var talið blygðunarlaust dæmi um erótíska list og vakti víða hneykslan þar sem það var sýnt, einkum þó í Chicago (þar sem það var sýnt í sérstökum sal), en margir litu á verkið sem dæmi um háskakvendið, „la femme fatale“, sem heillar menn og lokkar þá út á braut glötunarinnar. „Femme fatale“ var algengt viðfangsefni í bókmenntum 19. aldarinnar, einkum hjá Baudelaire. Þessi hastarlegu viðbrögð og ólíku túlkun mætti ef til vill skýra með því að ungi maðurinn er dálítið kauðalegur en unga konan kraftmikil og seiðandi. Marmarastyttan var sýnd í líkamsstærð á sýningunni í París 1898 og þar ljósmyndaði Eugène Druet hana.

Á sama tíma var Rodin að kynna það verk sitt sem olli einna mestum deilum: risavaxinn *Balzac* úr gísi.

*Kossinn* er ekki djarfasta verk Rodins af pari, en án nokkurs vafa hið allra þekktasta. Rodin hefur slíkt vald á forminu, slíkt vald á líkamsstillingum, að hann nær að miðla áhorfandanum af þeirri blíðu og ást sem sameinar þessar tvær manneskjur. Hér og hvar er til fjöldi smærri afsteypa af þessari styttnu, en Barbedienne hefur gefið hana út í ótölulegum eintakafjölda frá því árið 1898.



38 *Kossinn*, án ártals.

Ljósmynd: EUGÈNE DRUET (1868-1916). H. 0,17 : B. 0,15.

Saga: Gjölf frá Rodin, 1916 (liv. Ph. 1389).



59 *I vinnustofunni í Meudon, án ártals.*  
Ljósmynd: JACQUES-ERNEST BULLOZ (1858-1916).  
H. 0,21 ; B. 0,37. Saga: Gjöf frá Rodin, 1916 (Inv. Ph. 1995).



### Borgararnir frá Calais

Sagan af hugdirfsku og fórnarlund borgaranna í Calais, einhver sú frægasta í sögu Frakklands, gerðist í Hundrað ára stríðinu þar sem áttust við konungar Frakklands og Englands. Árið 1347 sat þáverandi Englandskonungur, Játvarður 3., um höfnina í Calais í Norður-Frakklandi og hótaði að leggja borgina í rúst nema sex af heldri mönnum borgarinnar — *borgarar* — gæfu sig honum á vald. Þeir áttu að koma til hans á skyrtunni einni saman, berhöfðaðir, berfættir með snöru um hálsinn, þeir áttu að afhenda honum borgarlyklana og síðan átti að hengja þá. Sá þessara borgara sem auðugastur var, Eustache de Saint-Pierre, fór fyrir félögum sínum fimm í áttina til herbúða Englandskonungs; þeir voru fullvissir um að þeir væru að fórna lífi sínu fyrir borgina. Til allrar hamingju fékk eiginkona Játvarðs 3., sem var þunguð, hann til að náða mennina sex og hættunni var bægt frá borginni.

Hver borgarstjórinn í Calais af öðrum áformaði að minnast þessarar hetjudáðar með því að láta reisa mönnum stytta þeim til dýrðar. Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir varð ekkert úr því fyrr en árið 1884 að málið komst á verulegan skrið og Rodin var fenginn til verksins. Í fyrstu drögunum getur að líta mennina sex uppi á stalli og gerðist og gekk með höggmyndir þessa tíma. Þó voru hugmyndir Rodins um þessa sex buguðu og ráðþrota menn farnar að þróast í áttina frá hinni hefðbundnu, akademísku hetjumynd níjándu aldarinnar.

Rodin vann af kappi að þessu verki allt til ársins 1886, verkið var sýnt í heild á samsýningu Monets og Rodins árið 1889 og markaði hápunkt sýningarinnar. Meðan þessu fór fram hafði borgarstjórinn í Calais dregið sig í hlé árið 1885 og nefndin, sem sá um að safna fé til stytukaupanna, hafði lagt upp laupana ári síðar. Auk þess höfðu hugmyndir Rodins talvert breyst. Rodin vildi sleppa stallinum í algjörrri óþökk við þá sem höfðu pantað styttuna. Með því að þverbrjóta þannig hefðina um minnismarkin, með því að koma með jafn nýjar og róttækar hugmyndir, sýndi hann enn einu sinni að hann var langt á undan sínum samtíma: *Verkið er langtum áhrifameira ef það stendur á jörðinni. Þannig skynjar fólk betur þá eynd og þá fórnarlund sem hvíldi yfir þessum atburði.*

Þrátt fyrir allt var þessu hrint í framkvæmd árið 1893, það tókst að útvega nægilegt fé og verkið, sem vegur 2,2 tonn, var afhjúpað þann 3. júní 1895, því miður uppi á stalli á lítilli

grasflöt: *Ég vildi að stytturnar minar yrðu steiptar niður í röð fyrir framan ráðshúsið í Calais, beint á hellurnar á torginu eins og talnaband þjáninga og fórnfýsi. Það hefði, held ég, verið ákaflega áhrifamikið. En þessum hugmyndum minum var vísað á bug og ekki annað tekið í mál en að setja verkið á stall sem var í senn óþarfur og ósmekkelegur. Það var ekki fyrr en eftir síðari heimsstyrjöldina sem Calaisborg fór að óskum myndhöggvarans og tók verkið af stallinum og kom því fyrir í jarðhæð, rétt eins og það er í París, í Filadelfíu og Tokyo.*

Raunar var hin stórsnjalla hugmynd Rodins, að láta áhorfandann taka fullan þátt í þeim hörmungum sem hann er með fyrir augunum, svo byltingarkennd að hún hlaut að vekja harkaleg viðbrögð samtímamanna hans. Með því að skoða nánar stytturnar sex áttar maður sig betur á þessum viðbrögðum: Eustache de Saint-Pierre, gamall maður sem fer af hörku og eindrægni fyrir hópi hetjanna sex; Jean d'Aire heldur karlmannlegur og ótalaus á borgarlyklunum sem hann mun afhenda Englandskonungi til merkis um undirgefni þeirra; Andrieu d'Andres heldur um höfudið og tjáir þannig þá miklu örvæntingu sem fylgir hinni hetjulegu uppgjöf; Pierre de Wissant tjáir hikið sem kemur á þá félaga skömmu áður en þeir ganga út í opinn dauðann; bróðir hans, Jacques de Wissant, gengur á vit óhagganlegra örlaga sinna og loks er það Jean de Fiennes sem breiðir út fadminn til merkis um að þarna sé æskunni fórnað af hetjuskap. Rodin vildi ekki neinn óþarfa eða útúrdúra í verkum sínum og hafnaði hinu akademíska myndmáli og fyrir vikið skapaði hann þarna verk sem hefur sammannalegt og alþjóðlegt gildi.



4) *Fyrsta lkan að minnismerki um borgarana í Calais 1884.*  
Brons. H. 0,60 ; B. 0,37 ; D. 0,32. Merkt: A. Rodin á hagra framhorninu.  
E. Godard Cire Perdue Malakoff. C. by Musée Rodin undir undirskrift  
listamannsins. Málmsteypa Godards. Merki málmsteypunnar.  
Saga: Steypt fyrir safnið árið 1970 (loc. S. 391).



49 *Jean de Fiennes*, smækkuð úrgáfa, 1895 eða 1899.  
 Brons. H. 0,46 ; B. 0,20 ; D. 0,13. Merkt: A. Rodin hægra megin á fremra  
 horn stallsins. Alexis Rudier, Fondateur Paris að aftan. Málmsteypa Alexis Rudiers.  
 Merki málmsteypunnar. Saga: Úr dánarbúi Rudiers, 1957 (lsv. S. 419).



50 *Höfuð Jean de Fiennes*, 1886-1887.  
 Brons. H. 0,31 ; B. 0,30 ; D. 0,30. Merkt: A. Rodin, N° IV/IV  
 hægra megin á hálsinum. E. Godard Fondr. C. by Musée Rodin  
 1982, N° I/IV að aftanverðu. Málmsteypa Godards. Merki  
 málmsteypunnar. Saga: Steypt fyrir safnið árið 1982 (lsv. S. 1381).



47 *Jean d'Aire*, smækkuð útgáfa, 1895 eða 1899.  
 Brons. H. 0,46 ; B. 0,16 ; D. 0,21. Merkt: A. Rodin nedst hægra megin.  
 Alexis Rudier, Fondeur Paris að afstærverðu. Málmsteypa Alexis Rudiers.  
 Merki málmsteypunnar. Saga: Úr dánarbúi Rudiers, 1957 (Inv. S. 422).



48 *Jean d'Aire*, 1903-1904.  
 Ljósmynd: STEPHEN HAWEIS (1878-1969) og HENRY COLES (?-?).  
 H. 0,22 ; B. 0,16. Saga: Gjöf frá Rodin, 1916 (Inv. Ph. 3250).



46 *Pierre de Wissant*, 1886.

Ljósmynd: CHARLES BODMER (1809-1893). H. 0,25 ; B. 0,19.

Merkt: C. Bodmer Phot. í hægra horni neðst. N° 41 neðst til vinstri.

Saga: Gjöf frá Rodin, 1916 (Inv. Ph. 937).



44 *Pierre de Wissant*, smækkuð útgáfa, 1895 eða 1899.

Brons. H. 0,45 ; B. 0,17 ; D. 0,17. Merkt: A. Rodin á hægra hornið framan á sökklínunum. Alexis Rudier, Fondeur Paris að aftanverðu. Málmbræðsla Alexis Rudiers. Merki málmsteypunnar. Saga: Úr dánarbúi Rudiers, 1957 (Inv. S.418).



51 *Andrieu d'Andres*, smækkuð útgáfa, 1900.  
 Brons. H. 0,43 ; B. 0,21 ; D. 0,21. Merkt: A. Rodin hægra megin á  
 fremra horn stallsins. Alexis Rudier, Fondeur Paris að aftan.  
 Saga: Úr dánarbúi Rudiers, 1957 (tov. S. 421).



52 *Andrieu d'Andres*, 1886.  
 Ljósmynd: VICTOR PANNELIER (1840-?). H. 0,36 ; B. 0,18.  
 Saga: Gjöf frá Rodin, 1916 (tov. Ph. 952).



55 *Eustache de Saint-Pierre*, smækkuð útgáfa, 1902-1903.  
 Brons. H. 0,47 ; B. 0,25 ; D. 0,15. Merkt: A. Rodin vinstra megin á fremra  
 hornið á stallinum. Georges Rudier, Fondateur Paris að aftanverðu.  
 Málmsteypa Georges Rudiers. Merki málmsteypunnar. Saga: Úr dánarbúi  
 Rudiers, 1957 (Inn. S. 420).



54 *Eustache de Saint-Pierre*, 1886.  
 Ljósmynd: CHARLES BODMER (1809-1893).  
 H. 0,35 ; B. 0,20. Saga: Gjöf frá Rodin, 1916 (Inn. Ph. 936).






42 *Jacques de Wissant*, 1886.

Brons. H. 2,12 ; B. 1,25 ; D. 0,74. Merkt: A. Rodin, N° I/IV á undirstöðuna. F. C. C. By Musée Rodin 1988 að aftanverðu. Málms-teypa Coubertins. Merki málms-teypunnar. Saga: Steypt fyrir safnið árið 1988 (lsv. s. 5839).



43 *Vinstri hönd Pierre og Jacques de Wissant*, 1886.  
Brons. H. 0,31 ; B. 0,19 ; D. 0,12. Merkt: A. Rodin hægra megin.  
Alexis Rudier, Fondeur Paris nedst til vinstri. Málms-teypa Alexis  
Rudiers. Merki málms-teypunnar. Saga: Övíst um uppruna  
(lsv. s. 1128).



45 *Pierre de Wissant*, 1903-1904.

Ljósmynd: STEPHEN HAWEIS (1878-1969) og HENRY COLES (?-?).  
H. 0,23 ; B. 0,17. Saga: Gjöf frá Rodin, 1916 (Inv. Ph. 2776).



40 *Omer Dewavrin*, 1886.

Brons. H. 0,23 ; B. 0,19 ; D. 0,16. Merkt: A. Rodin, N° I/IV neðst  
vinna megin á hálsmálið á jakkanum. Fonderrie de Coubertin C.  
by musée Rodin 1985 að aftan. Málmsteypa Coubertins. Merki  
málmsteypunnar. Saga: Steypt fyrir safnið árið 1985 (Inv. S. 2921).

## Balzac

Honoré de Balzac (Tours 1799 – París 1850) var í senn örlátur og ástríðufullur, ákaflega gráðugur og þurfti mikið til sín á öllum sviðum. Hann var í senn fjárglæframaður, mikill og rómantískur kvennamaður og stórsnjall skáld-sagnahöfundur. Balzac var gríðarlega afkastamikill höfundur, hann notar sömu persónurnar aftur og aftur í verkum sínum í þeim tilgangi að varpa sem bestu ljósi á það þjóðfélag sem hann er að lýsa með því að draga upp mynd af öllum þjóðfélagsstéttum, öllum þeim persónum sem það kunna að byggja. Í helsta verki sínu, sem hann kallaði *La Comédie Humaine* og inniheldur skáldsögur á borð við *Eugénie Grandet*, *Le Père Goriot* eða *Splendeur et misère des courtisanes*, býr hann til heilan heim með meira en tvö þúsund persónum sem drifnar eru áfram af skefjalausum ástríðum í heimi þar sem allt stjórnast af peningagræðgi. Balzac dregur þannig upp mynd af Frakklandi við upphaf nútímans, mynd sem enn þann dag í dag höfðar sterkt til fjölda lesenda.

Skömmu eftir að skáldsagnahöfundurinn lést árið 1850 var Félag áhugamanna um bókmenntir, sem Balzac stofnaði, með áform um að láta reisa stytta af höfundinum. Árið 1891 stakk Emile Zola upp á því að Rodin yrði fenginn til verksins og átti því að vera lokið þann 1. maí 1893. Rodin fékk brennandi áhuga á verkinu og lagði fram þykkan bunka af skissum og hugmyndum. Allur þessi fjöldi af skissum af höfðinu sýnir að hann hefur skoðað vandlega öll gögn varðandi höfundinn: portrett eftir Deveria, ljósmynd sem Nadar tók, teikningu eftir Gavarni og svo frv. Hann leitar uppi klæðskera, sem hafði punktað hjá sér öll mál Balzacs, og pantar hjá honum fót eftir þeim til að gera sér í hugarlund hversu mikill höfundurinn var um sig. Hann ferðast um Tourainehérað þvert og endilangt í leit að tvífara hans og gerir höfuðmynd eftir andlitsdráttum ungs Tourainebúa sem er nokkuð líkur Balzac enda þótt hann sé ekki ættadur úr héraðinu. Hann gerir sífellt fleiri skissur og drög að svipbrigðum, vangasvip og líkamstellingum. Hann gerir skissur af nöktum mönnum (tuttugu eða svo) sem ýmist standa gleiðir, eða saman með fætur, með krosslagða handleggi eða framrétta. Á sama hátt rissar hann upp myndir af Balzac í lafafrakka, uppábúnum í sparískóm, eða þá í innislopp, og klæðskerinn góði sníður og saumar innislopp eftir málum Balzacs. Rodin makar gipsi í hann til að athuga hvornig hann brotnar og sloppurinn frægi verður líkastur munkakufli. Allar þessar skissur

bera vott um að eitthvað sé að gerjast hægt og hægt, sýna að hann stefnir að ákveðnu marki. Enda þótt sumar af þessum skissum kunni að virðast fáránlegar áttu þær allar þátt í því að útkoman varð sú sem raun ber vitni. Nakinn maður, sem var svipaður og Balzac í vextinum, var klæddur í munkakufli. Stílfærð brotin, sem eru slétt og felld, hylja afmyndaðan líkama, undirstrika hæð hans, draga á vissan hátt úr líkamslýtunum og ýta undir tilfinninguna um vald og leiða augnaråd áhorfandans upp til höfuðsins og augnanna *sem líta til sólar en eru þó hulin skugga*, eins og Léon Daudet skrifaði síðar, augna þessa skarpskyggna manns og sköpuðar manna og atburða sem eru sannari en sjálfur raunveruleikinn. Eftir nokkra erfíðleika, því Rodin var ekkert að hengja sig í smáatriðin og hlaut fyrir vikið heldur kaldar kveðjur frá Félagi áhugamanna um bókmenntir árið 1893, er gífsafsteypa af Balzac sýnd á sýningu Hins þjóðlega listafélags árið 1898. Á þessari sömu sýningu er marmarastyttan af Kossinum sýnd. Fjandsamlegir blaðamenn fara háðulegum orðum um Rodin og Balzac sem þeir uppnefna ýmist *Mörgæsina* eða *Kolapokann*. Félag áhugamanna um bókmenntir neitar að veita styttni viðtöku. Enda þótt vinir Rodins efni til söfnunar og takist að safna 30.000 frönkum tekur Rodin þetta mjög nærri sér og lætur flytja styttna til Meudon. Það var svo ekki fyrr en fjörutíu og einu ári síðar, 2. júlí 1939, sem bronsstyttna af Balzac var afhjúpuð á gatnamótum breiðgatnanna Raspail og Montparnasse í París.



55 *Balzac*; andlitsmynd gerð eftir portretti Deveria, 1891  
 Brons. H. 0,44 : B. 0,40 : D. 0,23. Merkt: A. Rodin, N° 0 hægra  
 megin að framan, Georges Rudier, Fondeur Paris að aftan.  
 Málmsleppa Georges Rudiers. Merki málmsleppunnar.  
 Saga: Steypt fyrir safnið árið 1971 (lsv. s. 1082).



56 *Balzac í lafjafrakka*, 1891-92.  
 Brons. H. 0,60 : B. 0,21 : D. 0,27. Merkt: A. Rodin, N° 0 vinstra megin á stallinum.  
 C. by Musée Rodin 1969, neðst til vinstri. Susse, Fondeur Paris 1969 að aftan. Málmsleppa Susse. Merki málmsleppunnar. Saga: Steypt fyrir safnið árið 1969 (lsv. s. 966).



57 *Balzac uppáúinn*, 1896-97.  
 Brons. H. 1,12 ; B. 0,40 ; D. 0,42. Merkt: A. Rodin N° I/IV hægra megin á undirstöðunni. E. Godard. Fondr. C. by Musée Rodin 1983 að aftan. Málmsteypa Godards. Merki málmsteypunnar. Saga: Steypt fyrir safnið árið 1983 (lsv. S. 1369).



59 *Brjóstmynd af Balzac*, án ártals.  
 Ljósmynd: EUGÈNE DRUET (1868-1916). H. 0,38 ; B. 0,28.  
 Merkt: E. Druet neðst til hægri. Saga: Gjóf frá Rodin, 1916 (lsv. Pá. 2137).

58 *Balzac*, lokauppkast, 1897.

Brons. H. 1,12 ; B. 0,38 ; D. 0,38. Merkt: A.Rodin, N° 0 hægra megin á undirstöðunni. Georges Rudier, Fondateur Paris, að aftan. Málmsteypa Georges Rudiers. Merki málmsteypunnar. Saga: Steypt fyrir safnið árið 1974 (flv. S. 474).



60 *Balzac, án ártals.*

Ljósmynd: JACQUES-ERNEST BULLOZ (1858-1942).

H. 0,36 ; B. 0,28. Saga: Gjóf frá Rodin, 1916 (lav. Pl. 2699).



## Victor Hugo

Victor Hugo (1802-1885) var í senn ljóðskáld, skáldsagnahöfundur, stjórnmálamaður, einn helsti frumkvöðull rómantísku stefnunnar, baráttumaður frelsis, og svo mjög lét hann að sér kveða að segja má að hann gnæfi yfir gervalla nítjándu öldina í Frakklandi. Í skáldskap sínum losar hann um ljóðlínurnar og sveigir þær að tilfinningunum, myndmálið hefur sterkar skírskotanir, ljódmál hans er ákaflega tónrænt og helstu verk hans eru í senn ljóðræn og epísk: *Les voix Intérieures*, *Les Châtiments* (verk sem er skrifað gegn Napoléoni 3. sem hann kallaði *Pann litla*), *Les Contemplations* (um dóttur hans, Léopoldine, sem lést nítján ára gömul), *La légende des Siècles* (heilmikil freska sem nær yfir allt sem hugsast getur). Leikverk hans sprengja hinn viðtekna ramma því hann blandar saman ólíkum stíltegundum og brýtur upp ljóðlínurnar; þegar *Hernani* var frumsýnt árið 1830 olli það miklum úlfápyt sem kórónaði hið mikla orðspor sem fór af höfundinum. *Ruy Blas* er eitt frægasta verk hans ásamt *Le Roi s'amuse* (sem Verdi notaði síðar sem efnivið í óperuna *Rigoletto*). Af skáldsögum hans má nefna *Notre Dame de Paris*, *Les Misérables* og *Les Travailleurs de la mer*. Victor Hugo var mikill aðdáandi Napoléons 1., en hatrammur andstæðingur Napoléons 3. Hann fór í útlegð í átján ár og sneri ekki aftur til Frakklands fyrr en eftir fall keisaradæmisins árið 1870. Hann lést árið 1885. Hann var jarðaður með mikilli viðhöfn og hvíla líkamsleifar hans í Panthéonhofinu í París.

Rodin hitti Hugo fyrir milligöngu vinar síns, blaðamannsins Edouards Bazille. Rit höfundurinn hafði þá mátt sitja þrjátíu og átta sinnum fyrir hjá afleitum myndhöggvara. Hugo vildi láta gera svipaða stytta af sér og David d'Angers hafði gert af honum á yngri árum. Hann var þá á hátindi frægðar sinnar og var tregur til að láta gera mynd af sér sem rosknun manni. Nú harðneitaði hann að sitja enn einu sinni fyrir. Rodin varð fyrir nokkrum vonbrigðum með þetta svar, en þáði þó heimboð skáldsins í Eylaugötu þegar honum hentaði. Rodin vann því við borð skáldsins og teiknaði myndir af honum meðan hann var að hugsa, ræða málin, borða. Hann rissaði í snarheitum upp smámyndir, stundum jafnvel á sígarettu-pappír (einar sextíu myndir, skrifuðu Goncourtbræðurnir), síðan flýtti hann sér út á veröndina þar sem hann var með borð, seti og leir og reyndi að móta frumdrættina. Oft var hann

óánægður með útkomuna og fór þá aftur inn í borðsalinn. Eftir mikið stímabrák og erfiðleika tókst Rodin að móta mynd af rithöfundinum. Samtímamenn Victors Hugo litu á hann sem ofurmenni, spámann sveipaðan dularslæðu. Rodin bar ákaflega mikla virðingu fyrir honum og á afsteypuna, sem ætluð var skáldinu, skrifaði hann: *Til meistarans mikla/1883*.

Eftir að Victor Hugo var látinn, árið 1889, barst Rodin beiðni um að gera skáldinu til dýrðar stytta sem ætlaður var staður í Panthéon. Rodin fylltist eins og venjulega brennandi áhuga á verkefningu og sökkkti sér ofan í heim skáldsins, fór á staðina þar sem hann hafði búið, einkum til Guernsey, og áttaði sig smátt og smátt á þeim veruleika sem þessi einstaki maður hafði lifað og hræst í.

Upphaflega hugsaði Rodin sér stytta af Hugo þar sem hann sæti nakinn á kletti í Guernsey (þangað kaus skáldið að fara í útlegð árið 1852) og að þrjár listagyðjur umkringdu hann. Listanefndin sem hafði umsjón með þessu máli hafnaði þessari hugmynd árið 1890 og fannst hún „sundurlaust og ruglingslegt líkan“. Myndhöggvarinn féllst á að breyta myndinni og var á sama tíma að leggja drög að tveimur öðrum verkum sem hið opinbera pantaði hjá honum. Annars vegar var hann að undirbúa verk fyrir Lúxemborgarsafnið þar sem Victor Hugo situr en hjá honum stendur vera (Innri röddin), sem síðar hlaut nafnið *Hugleiðingin*, önnur er mun rólyndislegri og sú þriðja er þjáningarfull á svipinn, öll í keng og tilbúin að stökkva: *Listagyðja harmleiksins*. Hins vegar var myndhöggvarinn að vinna við *Lofgjörð til Victors Hugo* sem var ætlaður staður í Panthéon.

Það er í þessu samhengi sem verður að skoða líkanið þar sem Victor Hugo stendur á kletti, í venjulegum jakkafötum, mitt innan um myndhverfingar sem undirstrika skarpskyggni og mikilúðleik mannsins. Þar kemur enn fyrir sá hópur af styttum sem tákna hinar lifandi raddir hafsins, *Hafmeyjarnar þrjár*, sem hann notaði upphaflega í hægri hluta Hliðsins að Víti og síðan kórónar listamaðurinn verkið með *Vengjuðu snilligáfunni* frá nítjándu öldinni.



64 *Hafmeyjarnar þrjár*, um 1888.  
Brons. H. 0,31 ; B. 0,53 ; D. 0,32. Merkt: A. Rodin framan á stallinum. Alexis  
Rudier, Fondeur Paris að aftanverðu. Málmsteypa Alexis Rudiers. Merki  
málmsteypunnar. Saga: Gjöf frá Rodin, 1916 (Inv. S. 1069).






65 *Hugleiðingin, handleggjalas, um 1896-97.*  
Brons. H. 1,46 ; B. 0,59 ; D. 0,45. Merkt: A. Rodin, N° 0 vinstra megin á  
stallinn. F. C. C. by Musée Rodin 1981 að aftanverðu. Málmsteypa Coubertins.  
Merki málmsteypunnar. Saga: Steypt fyrir safnið árið 1981 (Inv. S. 792).



62 *Listagöfja harmleiksins*, um 1891-1892.  
Bronz. H. 0,31 ; B. 0,53 ; D. 0,53. Merkt: A. Rodin. N° I/IV neðst til hægri undir  
hægra fæti. E. Godard Fondr. C. by Musée Rodin 1986 til vinstri að aftan. Málmsteypa  
Godards. Merki málmsteypunnar. Saga: Steypt fyrir safnið árið 1986 (lsv. S. 2927).

63 Listagyðja harmleiksins / Almabyggingunni /  
Meudon, án ártala. Ljósmynd: JEAN-FRANÇOIS LIMET  
(1855-1941). H. 0,24 ; B. 0,18. Saga: Gjóf, 1916  
(Inv. Ph. 2107).





61 *Höfuð Victors Hugo*, 1883.

Brons. H. 0,48 ; B. 0,27 ; D. 0,58. Merkt og átsett hægra megin: A. Rodin, 1883.

Að framan stendur skrifað: Til meistarans mikla. Ekkert merki málmsteypu.

Saga: Safnið keypti verkið af erfingjum Hugo árið 1928 (lsv. 5. 56).

### Samsett verk

Sennilega var það eftir 1895, þegar Rodin settist að í Meudon, en ef til vill enn frekar strax eftir yfirlitssýninguna miklu árið 1890, sem myndhöggvarinn fór að búa til samsett verk. Þessi verk voru ýmiss konar viðfangsefni sem hann var að glíma við utan við hina opinberu vinnu, þar sem allt var frágengið klappað og klárt, fjallað um í blöðum og meðal almennings. Listamaðurinn lumaði hins vegar á fjölda gífsmynda í vinnustofu sinni í Meudon á stað sem hann kallaði *ruslakistuna*. Þangað sótti hann sótti hann ýmsar hugmyndir eða líkamshluta og notaði til þess að fullvinna aðrar hugmyndir, ná hreyfingu eða betri tókum á tilteknu viðfangsefni. Rodin skeytir ekki um hlutföllin

milli hinna ýmsu hluta í þessum verkum. Það sem máli skiptir eru tilraunirnar, sú sköpun sem fer fram á staðnum og það að geta safnað saman ólíkum hlutum frá fyrri árum og sett þá í nýtt og óvænt samhengi. Það er aðeins stutt síðan menn áttuðu sig á þessum afar mikilvæga hluta af vinnu listamannsins sem sýnir enn og sannar stöðugan og óstöðvandi sköpunarkraft.

Þegar þessi verk eru sett í samhengi við þróunina, sem átti sér stað á þessari öld, sést að án þess að hátt færi lagði Rodin drög að því sem síðar voru nefndar kúbískar klippimyndir, þótt hann ynni í allt annan efnivið, auk þess sem hann lagði grunninn að stórum hluta höggmyndalistar tuttugustu aldarinnar.

67 *Venus og Andrómeda snyrta sig*, um 1910.  
Brons. H. 0,50 ; B. 0,59 ; D. 0,40. Merkt og tölusett:  
A. Rodin, N° I/IV hægra megin framan á stallinum.  
E. Godard Fondr. vinstra megin aftan á stallinum. C. by  
Musée Rodin aftan á stallinum vinstra megin.  
Málmsteypa Godards. Merki málmsteypunnar.  
Saga: Steypt fyrir safnið árið 1987 (Inv. S. 4017).





68 *Bolur Kentárbrýssunnar og angistarfullur unglingur*, um 1910.  
Bronz. H. 0,31 ; B. 0,24 ; D. 0,13. Merkt og tölusett: A. Rodin, N° I/IV hægra  
megin á stallinum. E. Godard Fondr. hægra megin aftan á stallinum. C. by Musée  
Rodin 1990 hægra megin á stallinum. Málmsteypa Godards. Merki málm-  
steypunnar. Saga: Steypt fyrir safnið árið 1990 (inv. S. 6132).



70 *Bolur Kentárbryssunnar og bolur konu*, um 1910.  
 Brons. H. 0,28 ; B. 0,15 ; D. 0,12. Merkt og tölusett:  
 A. Rodin n° I/IV neðst hægra megin. E. Godard Fonðr. neðst  
 vinstra megin. C. by Musée Rodin 1990 neðan á bol konunnar.  
 Málmsreypta Godards. Merki málmsreyppunnar. Saga: Steypt fyrir  
 safnið árið 1990 (lsv. S. 6134).



71 *Fordæmd kona og nakin krjúpandi kona*, um 1910.  
 Brons. H. 0,42 ; B. 0,22 ; D. 0,17. Merkt og tölusett: A. Rodin n°  
 I/IV. E. Godard Fonðr. C. by Musée Rodin 1990 neðan á verkinu.  
 Málmsreypta Godards. Merki málmsreyppunnar. Saga: Steypt fyrir  
 safnið árið 1990 (lsv. S. 6131).





69 *Bolur Kentárbryssunnar og stúdia fyrir Íris*, um 1910.  
 Brons. H. 0,23 ; B. 0,13 ; D. 0,12. Merkt og tölusett: A. Rodin, N° I/IV neðst  
 til hægri. E. Godard Fondr. neðst á vinstri hlið. C. by Musée Rodin 1990  
 neðan á bók Kentárbryssunnar. Málmsteypa Godards. Merki málmsteypunnar.  
 Saga: Steypt fyrir safnið árið 1990 (flv. 5. 6135).

## Mannamyndir

Rodin bar höfuð og herðar yfir þá myndhöggvara sem voru honum samtíða og fengust við að gera portrett eða mannamyndir. Allt frá upphafi lék þessi tegund höggmynda í höndunum á honum og eftir 1880 eflðist orðstír hans með hverri nýrri mannamynd sem hann lét frá sér fara. Einu gildir hvort Rodin er að gera stytta af vinum sínum eftir pöntun eða til minningar um látna menn, hann leggur sig ævinlega fremur eftir því að ná fram persónueinkennum fyrirmyndarinnar en að ná útliti hennar í smáatriðum. Hann lítur svo á að vel heppnuð brjóstmynd sýni í senn andlega og líkamlega eiginleika þess sem myndin er af. Rodin nálgast viðfangsefnið af mikilli næmni, hann er athugull og skarpskyggn að upplagi og smám saman tekst honum að varpa ljósi á jafnvel leyndustu hliðar þeirra sem sitja fyrir hjá honum. Raunar gekk hann svo langt að hann móðgaði suma þeirra. Eins og kunnugt er var Rodin með mörg járn í eldinum eftir 1880, einkum þó mannamyndir. Rétt eins og með önnur verk er hann oft lengi að vinna mannamyndirnar og best heppnuðu mannamyndirnar var hann lengi að melta með sér.

Meðal bestu verka Rodins eru stytur af konum. Fyrst skal telja stytta af konu sem hann elskaði, sambýliskonu hans, Rose Beuret. Hér leggur hann áherslu á hina miðaldra, alvarlegu, harðneskjulegu konu, með eilítið herptan munnsvip, konu sem vissulega naut ástar en var þó dálítið afskipt. Heimskonan frá Morla-Vicuna, eiginkona stjórnarérindreka frá Chile sem var við störf í París. Marmaraútgáfan, sem er dálítið frábrugðin þeirri sem hér getur að líta, vakti slíka athygli á Parísarsýningunni 1888 að franska ríkið keypti hana. Rodin nær vel þrýstnum og ávöllum línunum þessarar konu og lætur birtuna leika um hana svo að hún verður í senn draumkennd og glæsileg. Táknrænt verk á borð við *Frakkland*, sem í rauninni er af Camille Claudel sem var nemandi hans og brennandi og skapmikil ástkona hans með klassíska andlitsdrætti sem urðu Rodin fyrirmynd í fjölda verka á borð við *Hugsunina* eða *Dagrenningu*. Loks má nefna hertogaynjuna af Choiseul, sem var síðasta stóra ástin í lífi Rodins. Listamaðurinn, sem uggði ekki að sér í návist þessarar konu, nær af sérstakri næmni og hugkvæmni að kalla fram fegurð þessarar amerísku konu sem var ákveðin og undirföru og hafði einsett sér að ná valdi yfir honum.

Það er sama hvert markmið listamannsins er þegar hann er að gera mynd af karlmönnum,

aðferðin er alltaf sú sama: að komast sem næst persónueinkennum þess sem situr fyrir hjá honum. Clémenceau, franskur stjórnmalamaður sem hafði mikilvægu hlutverki að gegna í fyrri heimsstyrjöldinni, var lítt hrifinn af þeirri mynd sem Rodin dró upp af honum. Þó er verkið hárfín greining á manninum, hlaðið krafti, það er leikið með skugga og birtu af mikilli list. Allt ber verkið vott um stolt og viljafestu þessa ábúðarmikla manns.

Rodin gerði einnig stytur af látnum mönnum, meðal annars af Baudelaire, frægu skáldi og listgagnrýnanda (frægur fyrir ljóðabálkinn *Illskublómin*). Styttunni var ætlað að standa á gróf skáldsins. Sumir áttu von á verki sem myndi umfram allt tjá angistina, sem Baudelaire orti svo mjög um, en eins og svo oft áður var Rodin lengi að vinna verkið; hann leitaði sér að fyrirmynd og átti í nokkrum erfiðleikum með að koma frá sér hugmynd sinni. Hann notaði að lokum teiknara, Malteste að nafni, til að sitja fyrir þegar hann var að gera það sem hann kallaði *höfuð Baudelaire*. Enda þótt verkið minni í grófum dráttum á skáldið er það langt frá því að vera líkt honum.

Loks varð Rodin til þess að halda á lofti nöfnum alls óþekktra manna á borð við Samuel S. White. Hann sat ofur óþvingað fyrir hjá Rodin, en það var nokkuð sem listamaðurinn kunnir að meta, og fyrir vikið tókst honum að gera mjög merkilega stytta af íþróttamanni sem um leið er afburðagóð stytta af þessum unga ameríska námsmanni.



79 *Georges Clémenceau*, 1911.  
Brons. H. 0,50 ; B. 0,32 ; D. 0,25. Merkt: A. Rodin í vinstri handarkrika. Alexis Rudier, Fondeur Paris að aftanverðu. Málmsteypa Alexis Rudiers. Merki málmsteypunnar. Saga: Gjöf frá Rodin, 1916 (Inv. S. 480).



78 *Hertogaynjan af Choiseul*, 1908.  
Brons. H. 0,31 ; B. 0,26 ; D. 0,20. Ómerkt frá höfundar hendi. Montagutelli Frères Paris, cire perdue að aftanverðu. Málmsteypa Montagutellis. Merki málmsteypunnar. Saga: Gjöf frá Rodin, 1916 (Inv. S. 1310).



77 *Frakkland*, 1904?  
Brons. H. 0,57 ; B. 0,43 ; D. 0,29. Merkt: A. Rodin við vinstri öxl, Alexis Rudier, Fondeur Paris undir vinstri öxlinni. Málmsteypa Alexis Rudiers. Merki málmsteypunnar. Saga: Út dánarbúi Rudiers, 1957 (Inv. S. 490).



72 *Rose Beuret*, um 1880-1882.  
Brons. H. 0,27 ; B. 0,18 ; D. 0,16. Merkt: A. Rodin neðst á hálsinum. Ekkert merki málmsteypu. Saga: Hið opinbera keypti verkið af Rodin. Komið fyrir á Lúxemborgarsafninu árið 1909. Louvresafnið afhenti Rodinsafninu það árið 1918 (Inv. S. 518).



75 *Mynd af Baudelaire*, 1898.

Brons. H. 0,20 ; B. 0,19 ; D. 0,23. Merkt: A. Rodin, N° 0 undir vinstra eyra. Georges Rudier, Fondeur Paris að aftanverðu. Málmsteypa Georges Rudiers. Merki málmsteypunnar. Saga: Steypt fyrir safnið árið 1969 (Inv. S. 32).



73 *Frú Morla-Vicuna*, 1884.

Brons. H. 0,40 ; B. 0,35 ; D. 0,19. Merkt: A. Rodin, N° 0 hægra megin að framan, Musée Rodin hægra megin á hálsinum. Georges Rudier, Fondeur Paris að aftanverðu. Málmsteypa Georges Rudiers. Merki málmsteypunnar. Saga: Steypt fyrir safnið árið 1972 (Inv. S. 504).



74 *César Frank*, 1891.

Brons. H. 0,55 ; B. 0,43 ; D. 0,17. Merkt: A. Rodin vinstra megin að framan. Alexis Rudier, Fondeur Paris hægra megin að aftan. Málmsteypa Alexis Rudiers. Merki málmsteypunnar. Saga: Gjöf frá Rodin, 1916 (Inv. S. 588).



76 *Amerískur íþróttamaður*, 1904.

Brons. H. 0,40 ; B. 0,26 ; D. 0,23. Merkt: A. Rodin hægra megin. Alexis Rudier að aftan. Málmsteypa Alexis Rudiers. Merki málmsteypunnar. Saga: Gjöf frá Rudier, 1954 (Inv. S. 470).



85 *Hanako, gerð D*, um 1907-1908.

Brons. H.0,55 ; B.0,39 ; D.0,29. Merkt: A. Rodin. N° 0 hægra megin á undirstöðunni. Susse fondeur Paris aftanvert til hægri. Málmsteypa Susse. Merki málmsteypunnar. Saga: Steypt fyrir safnið árið 1971 (lov. S. 592).



84 *Hanako, gerð A*, um 1907.

Brons með gylltum eir. H.0,17 ; B.0,13 ; D.0,19. Merkt á hárið í hnakkanum: A. Rodin. A l'admirable et géniale artiste Loïe Fuller (Til hinnar aðdáunarverðu og snjöllu listakonu Loïe Fuller). Saga: Komst í eigu safnsins árið 1950 (lov. S. 565).

### Rodin og dansinn

Leið Rodins að dansinum liggur í gegnum teikninguna og það er austurlöndum fjær að þakka að hann heillast af honum. Hann uppgötvar hina suðrænu dansa þegar hann sér dansmeyjar frá Jövu á heimssýningunni í París árið 1889 og síðan hinn konunglega ballett kambódíska konungsins Sisowath á nýlendu-sýningunni í Marseille árið 1906. Honum fannst þetta vera fornar, fullmótaðar og heilagar danshreyfingarnar, þveröfugt við hinn klassíska ballett óperunnar á níttjándu öldinni sem honum fannst vera stífur og ófrumlegur.

Rodin er bergnuminn þegar hann sér sýningu kambódískra dansmeyja þann 10. júlí 1906 í Verdure du Pré Catelan leikhúsinu í París.

Hann fylgir þeim alla leið suður til Marseille.

*Ég hefði fylgt þeim alla leið til Kairó... Ég horfði heilladur á þær... Þegar þær voru farnar stóð ég eftir í kulda og myrkri, mér fannst sem þær hefðu tekið segurð heimsins með sér... sagði hann við listgagnrýndandann Louis Vauxcelles þegar hann hélt sýningu í galleríi í París, Devambez, árið 1908. Þessir hefðbundnu dansar, sem hann þekkti ekki áður, opnuðu augu hans fyrir því hvað skólarnir okkar eru akademískir og stífir.*

Enda þótt Rodin þekki vel mynd Degasar af dansmeyjunum er hann hrifnari af hinum frjállega kankandansi, hinum hálfgrísku uppstillingum amerísku listakonunnar Isadoru Duncan, eða upphitunaræfingum dansmeyjar í Opéra Comique, Öldu Moreno, sem situr fyrir þegar Rodin gerir fjöldann allan af teikningum og styttum um 1912.

80 *Danshreyfing A*, um 1911.

Brons. H. 0,30 ; B. 0,07 ; D. 0,13. Merkt: A. Rodin. N° 0/12 á tilina á hægra fæti. Ekkert merki málmsteypunnar. Saga: Steypt fyrir safnið árið 1946 (?) (Inv. S. 584).



81 *Dansbreyfing B*, um 1911.

Brons. H. 0,36 ; B. 0,09 ; D. 0,12. Ómerkt frá hendi höfundar og ekkert merki málmsteypu. Saga: Steypt fyrir safnið árið 1952 (lov. s. 763).



82 *Dansbreyfing C*, um 1911.

Brons. H. 0,34 ; B. 0,19 ; D. 0,12. Merkt: A. Rodin, N° 0 á ilina á hægri fæti. Ekkert merki málmsteypu. Saga: Steypt fyrir safnið árið 1952 (lov. s. 762).





83 *Dansbreyfing F.* um 1911.

Brons. H. 0,26 ; B. 0,26 ; D. 0,16. Merkt: A. Rodin á ilina á vinstra fæti.  
Ekkert merki málmsteypu. Saga: Steypt fyrir safnið árið 1953 (lav. S. 810).



Verk frá yngri árum

1 *Nefbrotni maðurinn*, 1864  
26x18x23 (S. 496)

2 *Sælureiturinn Ixelles*, 1874  
52x41x41 (S. 978)

3 *Maður á göngu*, 1877  
85x28x58 (S. 495)

4 *Maður á göngu*, 1903-1904  
Ljósmynd: HAWEIS og COLES  
22x17 (Ph. 4453)

Ógnaröldin

5 *Ógnaröldin*, 1875-76  
180x80x60 (S. 468)

6 *Ógnaröldin*  
Ljósmynd: DRUET  
37x19 (Ph. 2994)

Hliðið að Viti

7 *Hliðið að Viti*,  
þriðja líkan, 1880  
110x74x28 (S. 6901)

8 *Steinstytta undir þakskeggi*,  
fyrir 1881  
44x32x30 (S. 477)

9 *Steinstytta undir þakskeggi*,  
Ljósmynd: BULLOZ  
37x28 (Ph. 3484)

10 *Úgöln og börnin*, 1882  
41x42x61 (S. 1146)

11 *Maður að falla*, 1882  
59x37x29 (S. 963)

12 *Ég er falleg*, 1882  
69x31x32 (S. 1151)

13 *Bolur Adèle*, 1882  
17x48x20 (S. 6137)

14 *Eilíft vor*, 1884  
40x53x30 (RF/R 28. eda S. 583)

15 *Eilíft vor*  
Ljósmynd: BULLOZ.  
35x45 (Ph. 975)

16 *Fugit Amor*, um 1884  
38x48x20 (S. 598)

17 *Danae*, 1885  
21x39x25 (S. 606)

18 *Danae*  
Ljósmynd: BULLOZ  
25x36 (Ph. 3743)

19 *Bolur af karlmanni*  
36x20x18 (S. 6633)

20 *Paolo og Francesca*, 1887  
30x60x30 (S. 5841)

21 *Paolo og Francesca á skjum*  
Ljósmynd: BULLOZ  
37x27 (Ph. 1879)

22 *Kentárbryssan*, um 1887  
40x45x18 (S. 479)

23 *Kentárbryssan*  
Ljósmynd: BULLOZ  
37x29 (Ph. 3684)

24 *Höfuð Jóhannesar*  
*skírara á bakka*  
21x41x27 (S. 519)

25 *Týndi sonurinn*, um 1889  
140x95x65 (S. 599)

26 *Týndi sonurinn*, 1903-1904  
Ljósmynd: HAWEIS og COLES  
23x13 (Ph. 4030)

27 *Undirlegjan*, 1889.  
23x16x13 (S. 657)

28 *Venus snyrtir sig*, 1903-1904.  
Ljósmynd: HAWEIS og COLES.  
23x17 (Ph. 4757)

29 *Banin*  
Ljósmynd: BULLOZ  
36x26 (Ph. 4758)

Hugsuðurinn

30 *Hugsuðurinn*  
71x40x61 (S. 788)

31 *Hugsuðurinn*, 1903-1904  
Ljósmynd: HAWEIS og COLES  
93x17 (Ph. 1419)

Skugginn

32 *Skugginn mikli*, 1902-1903  
195x90x60 (S. 513)

33 *Skugginn mikli í vinnustofunni*  
*í Meudon*, 1903-1904  
Ljósmynd: BULLOZ  
35x26 (Ph. 1291)

Eva

34 *Eva*, 1881  
195x90x60 (S. 484)

35 *Eva*  
Ljósmynd: BULLOZ  
36x26 (Ph. 3929)

36 *Eva í vinnustofunni í Meudon*  
Ljósmynd: HARLINGUE  
12x17 (Ph. 1991)

Kossinn

37 *Kossinn*, 1886  
87x51x55 (S. 472)

38 *Kossinn*  
Ljósmynd: DRUET  
17x15 (Ph. 1389)

39 *Kossinn í vinnustofunni í Meudon*  
Ljósmynd: BULLOZ  
21x37 (Ph. 1995)

Borgararnir í Calais

40 *Omer Dewavrin*, 1886  
23x19x16 (S. 2921)

41 *Fyrsta líkanid að Borgurunum*  
*í Calais*, 1884  
60x37x32 (S. 391)

42 *Jacques de Wissant*, 1886  
212x125x74 (S. 5839)

43 *Vinstri hönd Pierre og Jacques*  
*de Wissant*.  
31x19x12 (S. 1128)

44 *Pierre de Wissant*, smækkuð útgáfa, 1895-99  
45x17x17 (S. 418)

45 *Pierre de Wissant*  
Ljósmynd: HAWEIS og COLES  
23x17 (Ph. 2776)

46 *Pierre de Wissant*, 1886  
Ljósmynd: BODMER  
25x19 (Ph. 937)

47 *Jean d'Aire*, smækkuð útgáfa, 1895-99  
46x16x21 (S. 422)

48 *Jean d'Aire*, 1903-1904  
Ljósmynd: HAWEIS og COLES  
22x16 (Ph. 3250)

49 *Jean de Fiennes*, smækkuð útgáfa, 1895 eða 99  
46x20x13 (S. 419)

50 *Höfuð Jean de Fiennes*, 1886-1887  
31x30x30 (S. 1381)

51 *Andrieu d'Andres*, smækkuð útgáfa, 1900  
43x21x21 (S. 421)

52 *Andrieu d'Andres*  
Ljósmynd: PANNELIER  
36x18 (Ph. 952)

53 *Eustache de Saint-Pierre*, smækkuð útgáfa, 1902-03  
47x25x15 (S. 420)

54 *Eustache de Saint-Pierre*, 1886  
Ljósmynd: BODMER  
35x20 (Ph. 936)

#### Balzac

55 *Andlitsmynd*, gerð eftir mynd Deveria, 1891  
44x40x23 (S. 1082)

56 *Balzac í lafafrakka*, 1891-92  
60x21x27 (S. 966)

57 *Balzac uppáúinn*, 1896-97  
112x40x42 (S. 1369)

58 *Balzac, lokauppkast*, 1897  
112x38x38 (S. 474)

59 *Brjóstmynd af Balzac*  
Ljósmynd: DRUET  
38x28 (Ph. 2137)

60 *Balzac*  
Ljósmynd: BULLOZ  
36x25 (Ph. 2699)

#### Victor Hugo

61 *Höfuð Victors Hugo*, 1883  
48x27x58 (S. 36)

62 *Listagyðja harmleiksins*  
31x53x53 (S. 2927)

63 *Listagyðja harmleiksins í Alma-  
byggingunni í Meudon*  
Ljósmynd: LIMET  
24x18 (Ph. 2107)

64 *Hafmeyjarnar þrjár*, um 1888  
31x53x32 (S. 1069)

65 *Hugleiðingin*,  
*handleggjalau*, 1896-97  
146x59x45 (S. 792)

66 *Minnismerkið um Victor Hugo í  
vinnustofunni í Meudon*,  
Ljósmynd: BULLOZ  
27x37 (Ph. 4784)

#### Samsetningarnar

67 *Venus og Andromeda*  
*snyrta sig*, um 1910  
50x59x40 (S. 4017)

68 *Bolur af Kentárbryssu og  
angistarfullur unglíngur*, um 1910  
31x24x13 (S. 6152)

69 *Bolur af Kentárbryssu*,  
*stúdia fyrir Iris*, um 1910  
23x13x12 (S. 6133)

70 *Bolur af Kentárbryssu  
og konu*, um 1910  
28x15x12 (S. 6134)

71 *Fordæmd kona og nakin  
krjúpandi kona*, um 1910  
42x22x17 (S. 6131)

#### Mannamyndir

72 *Rose Beuret*, 1880-82  
27x18x16 (S. 518)

73 *Frú Morla Vicuna*, 1884  
40x35x19 (S. 504)

74 *Cécar Franck*, 1891  
55x43x17 (S. 588)

75 *Mynd af Baudelaire*  
20x19x23 (S. 32)

76 *Amerískur íþróttamaður*, 1904  
40x26x23 (S. 470)

77 *Frakkland*, 1904?  
57x43x29 (S. 490)

78 *Hertogaaynjan af Choiseul*, 1908  
31x26x20 (S. 1310)

79 *Clémenceau*, 1911  
50x32x25 (S. 480)

#### Rodin og dansinn

80 *Danshreyfing A*, um 1911  
30x7x13 (S. 584)

81 *Danshreyfing B*, um 1911  
36x9x12 (S. 763)

82 *Danshreyfing C*, um 1911  
34x19x12 (S. 762)

83 *Danshreyfing F*  
26x26x16 (S. 810)

84 *Hanako*, gerð A, um 1907  
17x13x19 (S. 565)

Menningarmálanefnd Reykjavíkur  
Hulda Valtýsdóttir, formaður  
Guðrún Erla Geirsdóttir  
Ingibjörg Rafnar  
Jóna Gróa Sigurðardóttir  
Júlíus Hafstein

Tumi Magnússon  
Selma Guðmundsdóttir

Forstöðumaður Listasafns Reykjavíkur  
Gunnar B. Kvaran

Þýðing  
Friðrik Rafnsson

Yfirlestur handrita og prófarkalestur  
Aðalsteinn Davíðsson

Hönnun sýningarskrár  
Hildigunnur Gunnarsdóttir

Skeyting og filmuvinna  
Prentmyndastofan hf (PMS)

Prentun og Bókband  
Prentstofa G. Ben.

Listasafn Reykjavíkur, Kjarvalsstaðir, október - 1993